



# ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og 453/2010

Útgáfa: 1.4

Dagsetning: 20. júní 2017

## 1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

- 1.1. Vörukenni** **OASIS PRO ALL BATH**
- 1.2. Tilgreind notkun** Baðherbergishreinsir. 1-3% á móti vatni.
- 1.3. Söluaðili** Olíuverzlun Íslands hf.  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík  
Sími: 515 1000  
Netfang: [olis@olis.is](mailto:olis@olis.is)  
Veffang: [www.olis.is](http://www.olis.is)
- 1.4. Neyðarsímanúmer**  
Neyðarlínan: 112  
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

## 2. HÆTTUGREINING

**Almennt** Hættuflokkun á aðeins við um óblandað efnið. Ekki hættulegt eftir blöndun.

### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar samkvæmt reglugerð (EB) 1272/2008

**Flokkun** Húðæt. 1A; H314  
Augnsk. 1; H318  
STOT SE 3; H335  
Langv. eit. á vatn. 3; H412

### 2.2. Merkingaratriði Hættumerki



**Viðvörðunarorð** Hætta  
**Hættusetningar** H314 – Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.  
H335 – Getur valdið ertingu í öndunarfærum.  
H412 – Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

**Varnaðarsetningar** P273 – Forðist losun út í umhverfið.  
P280 – Notið hlífðarhanska, augnhlíf, andlitshlíf.  
P303+P361+P353 – BERIST EFNID Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni/farið í sturtu.  
P305+P351+P338 – BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.  
P310 – Hringið umsvifalaust í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni.

### 2.3. Aðrar hættur Hættur

Ekki hættulegt efni eftir blöndun í vatn.

## 3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

### 3.2 Blanda

Efni	Efnakenni	Styrkur%	Flokkun
Ísóttrídekanól, etoxýlerað	CAS# 69011-36-5 EINECS# 500-241-6	10-20	Bráð eit. 4; H302 Húðert. 2; H315 Augnsk. 1; H318
Fítuálkóhólalkoxýlat	CAS# -	10-20	Húðert. 2; H315
Mónóetanólamín	CAS# 141-43-5 EINECS# 205-483-3 REACH# 01-2119486455-28	5-10	Bráð eit. 4; H302, H312, H332 Húðæt. 1B; H314 STOT SE 3; H335
Própan-2-ól	CAS# 67-63-0 EINECS# 200-661-7 REACH# 01-2119457558-25	3-5	Eldfímur vökvi 2; H225 Augnert. 2; H319 STOT SE 3; H336

Bensalkóníumklóríð	CAS# 68424-85-1 EINECS# 270-325-2 REACH# 01-2119965180-41	0,5-1	Bráð eit. 4; H302 Húðæt. 1B; H314 Bráð eit. á vatn. 1; H400 Langv. eit. á vatn. 1; H410
Hexýlsalísýlat	CAS# 6259-76-3 EINECS# 228-408-6 REACH# 01-2119638275-36	<0,1	Húðnæm. 1A; H317 Bráð eit. 1; H400 Langv. eit. á vatn. 1; H410

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

#### 4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLP

##### 4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

<b>Almennt</b>	Á aðeins við um óblandað efnið.
<b>Eftir innöndun</b>	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni koma fram.
<b>Eftir snertingu við augu</b>	Skolið strax með miklu vatni. Fjarlægjið snertilinsur og haldið augnlokum frá. Skolið áfram í a.m.k. 15 mínútur. Leitið lækni strax.
<b>Eftir snertingu við húð</b>	Skolið með miklu vatni í a.m.k. 15 mínútur. Notið milda sápu ef mögulegt. Leitið lækni strax.
<b>Eftir inntöku</b>	Skolið munninn. EKKI framkalla uppköst. Aldrei gefa meðvitundarlausum neitt til inntöku. Leitið lækni strax.

##### 4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir

**Einkenni og áhrif** Sjá 11. lið.

##### 4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

**Sérstök meðhöndlun** Meðhöndlið einkenni.

#### 5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

##### 5.1. Slökkvibúnaður

**Viðeigandi** Veljið slökkviefni eftir aðstæðum og nálægum efnum.

##### 5.2. Sérstök hættu af blöndunni

**Myndefni við bruna** Kolefnisoxíð, köfnunarefnisoxíð, brennisteinsoxíð, fosfóroxíð.

##### 5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

**Ráðstafanir** Safnið slökkvivatni sérstaklega. Fargið brunaleifum og slökkvivatni í samræmi við gildandi lög og reglur. Andið ekki inn reyk.

#### 6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

##### 6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

**Öryggisráðstafanir** Notið viðeigandi persónuhlífar. Tryggið næga loftræstingu. Haldið fólki frá og vindmegin við leka. Varist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu.

##### 6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

**Ráðstafanir** Varist að berist í grunnvatn, vatnsfarvegi eða jarðveg.

##### 6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

**Aðferðir** Fjarlægjið íkveikjuvalda ef mögulegt án áhættu. Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Safnið leka með ídrægu, röku og hvarftregu efni og setjið í viðeigandi merkt ílát til förgunar. Fargið hjá viðurkenndri móttökustöð í samræmi við gildandi lög og reglur.

##### 6.4. Tilvísun í aðra liði

**Aðrir liðir** Sjá 8. lið fyrir upplýsingar um persónuhlífar.

#### 7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

##### 7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

**Meðhöndlun** Varist inntöku, innöndun og snertingu við húð, augu og fatnað. Tryggið næga loftræstingu. Þvoið hendur vandlega eftir meðhöndlun.

##### 7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

**Geymsla** Geymið við -5-40°C. Geymið aðeins í tryggilega luktum og merktum umbúðum. Geymist þar sem börn ná ekki til.

##### 7.3. Sérstök notkun

**Sérstök notkun** Eldhúshreinsir. Gólfhreinsir.

#### 8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

##### 8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Váhrifamörk á vinnustað

Efni	TWA (8 klst.)	STEL (15 mín.)	ATH.
Mónóetanólamín	2,5 mg/m <sup>3</sup>	7,6 mg/m <sup>3</sup>	Frásogast um húð
Própan-2-ól	999 mg/m <sup>3</sup>	1250 mg/m <sup>3</sup>	Frásogast um húð

## 8.2. Váhrifavarnir

### Almennt

Á aðeins við um óblandað efnið. Engra hlífa þörf eftir blöndun. Staðlar eru tilgreindir innan sviga.

### Til hlífðar höndum

Notið ógegndræpa hlífðarhanska úr nítrílgúmmíi eða bútýlgúmmíi (EN374).

### Til hlífðar augum

Notið öryggsgleraugu eða andlitshlíf (EN166).

### Til hlífðar öndun

Venjulega ekki þörf. Við mikla þéttni í lofti, notið öndunargrímu með síu (EN143).

### Hreinlæti

Þvoið húðina vandlega eftir snertingu. Farið úr óhreinukuðum fötum og þvoið fyrir næstu notkun.

## 9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

### 9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand	Vökvi
Litur	Appelsínugulur
Lykt	Dauf
pH-gildi (óblandað)	11,4-12,4
- blandað	10,4-10,9
Blossamark	45°C
Eðlisþyngd	1,015-1,020
Vatnsleysni	Leysanlegt
Oxunareiginleikar	Ekki oxari

## 10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

### 10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engin hættuleg hvörf þekkt við venjulega notkun.

### 10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt við venjuleg skilyrði.

### 10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Efnahvörf Myndar klórgas í snertingu við bleikiefni og önnur klórefni.

### 10.4. Skilyrði sem ber að varast

Skilyrði Hiti, eldur, neistar.

### 10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Sýrur.

### 10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Myndefni við bruna Kolefnisoxíð, köfnunarefnisoxíð, brennisteinsoxíð, fosfóroxíð.

## 11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Almennt	Á aðeins við um óblandað efnið. Engin eiturhrif eftir blöndun.
Innöndun	Getur valdið ertingu í öndunarfærum.
Inntaka	Veldur bruna í meltingarvegi.
Húð	Veldur alvarlegum bruna.
Augu	Veldur alvarlegum augnskaða.

## 12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 12.1. Eiturhrif

Eiturhrif á vatnalíf Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

### 12.2. Þrávirkni og niðurbrotanleiki

Lífbrjótanleiki Yfirborðsvirku efnin í blöndunni uppfylla kröfur um lífbrjótanleika.

### 12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Engin gögn.

### 12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Engin gögn.

### 12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

Mat Inniheldur hvorki PBT- eða vPvB-efni.

### 12.6. Aðrar upplýsingar

Upplýsingar Engin gögn.

## 13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun	Fargið í samræmi við gildandi lög og reglur. Losið ekki í niðurföll, vatnsfarvegi eða jarðveg. Vatnslausn má skola niður um niðurföll.
Umbúðir	Fargið á sama hátt og ónotuðu efni.

## 14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

### 14.1. Alþjóðlegar reglur

UN-númer	2491
Rétt sendingarheiti	ETHANOLAMINE
Hættuflokkur	8
Hættuauðkennisnúmer	80
Pökkunarhópur	III
Flokkunarkóði	C7
Flutningsflokkur	3
Takmarkað magn	5L
Undanþegið magn	E1
Gangakóði	(E)

## 15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

### 15.1. Sértek lögjög

#### 15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

#### 15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

### 15.2. Efnaöryggismat

**Mat** Efnaöryggismat hefur ekki verið gert fyrir efnið.

## 16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

### Hættusetningar

H225 – Mjög eldfimur vökvi og gufa.  
H302 – Hættulegt við inntöku.  
H312 – Hættulegt í snertingu við húð.  
H314 – Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.  
H315 – Veldur húðertingu.  
H317 – Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð.  
H318 – Veldur alvarlegum augnskaða.  
H319 – Veldur alvarlegri augnertingu.  
H332 – Hættulegt við innöndun.  
H335 – Getur valdið ertingu í öndunarferum.  
H336 – Getur valdið sljóleika eða svima.  
H400 – Mjög eitrad lífi í vatni.  
H410 – Mjög eitrad lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

### Skammstafanir

**ADN:** Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum.  
**ADR:** Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum.  
**DNEL:** Viðmiðunarmörk fyrir váhrif.  
**IMDG:** Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning.  
**EWG:** Evrópska úrgangsskráin.  
**PBT:** Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð.  
**PNEC:** Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg.  
**REACH:** Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni.  
**TWA:** Tímavegið meðaltal.  
**vPvB:** Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.  
**STOT RE:** Sértek eiturhrif á marklíffæri, endurtekin váhrif.  
**STOT SE:** Sértek eiturhrif á marklíffæri, váhrif í eitt skipti.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

<b>Endurskoðun</b>	20. júní 2017.
<b>Útgáfa</b>	1.4
<b>Gert þann</b>	5. febrúar 2018.
<b>Þýðing og uppsetning</b>	Reynir Hjálmarsson
<b>Heimild</b>	Ecolab Export GmbH, <a href="mailto:dedusexpservices@ecolab.com">dedusexpservices@ecolab.com</a> .